

## Undirskriftamálið á þingi. Landsréttindi vor fyrir borð borin.

Undirskriftamálið var rætt í neðri deild á þriðjudaginn var, 22, þ. m. Stjórnarmenn komu þar fram á sama hátt viðvíkjandi landsréttindum vorum og afstöðu við danskt vald, eins og endrarnær á þessu þingi.

Eftirfarandi Þingályktunartillaga var til umræðu:

»Neðri deild alþingis ályktar að lýsa yfir því, að hún álltur það eitt rétt og í samræmi við stjórnarskipun vora, að Íslandsráðherra sé skipaður með undirskrift sjálfs hans, eða fráfarandi Íslandsráðherra, en ekki með undirskrift forsætisráðherra Dana, og skorar á ráðherrann að gera sitt til, að svo verði framvegis.«

Flutningsmenn voru Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson Skagf., Einar Þórðarson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem, Björn Kristjánsson, Ólafur Thorlacius.

Auðvitað var tillagan orðuð svona vægt í því skyni, að allir þingmenn gætu greitt atkvæði með henni, þeir er ekki væru þess albúnir að bera réttindi lands vors fyrir borð. Þar er varast að sakast um orðinn hlut, ekkert ámælisord við haft í garð þess ráðherra, sem þegið hefir ólöglega embættisskipun sína. Að því einu var stefnt, að hér gæti ekki verið um neitt fordæmi að tefla á ókomnum tíma og að girt yrði fyrir lögleysuna eftirleidis.

En jafnvel þessi varúð nægði stjórnarmönnum ekki. Þeir reyndust gersamlega ófánlegir til að minnst á það með einu orði að þeir vildu fá neina breytingu á þessu ólöglega og hættulega fyrirkomulagi, að þeir vildu á nokkurn hátt sjá landsréttindum vorum borgið í þessu efni.

Umræður urðu langar. Af hálfu Framsóknarflokksins töluðu Skúli Thoroddsen og Stefán Stefánsson. Af hálfu stjórnarmanna: ráðherrann, Lárus H. Bjarnason, Guðl. Guðmundsson og Guðm. Björnsson.

Stjórnarmenn samþykku eftirfarandi rökstuddu dagskrá:

»Með skýrskotun til þess, að í fenginni reynslu við síðustu ráðaneyttiskifti í Danmörku í kveðju konungs til alþingis í sumar fæst full viðurkenning fyrir þingræði og um sérstöðu ráðherra Íslands og með þeirri yfirlýsingu að ráðherrann ber að sjálfstöðu fulla stjórnarskipulega ábyrgð á útnefningu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.«

Með þessari dagskrá greiddu atkvæði þessir 16 þingmenn:

Árni Jónsson, Björn Bjarnarson, Eggeir Pálsson, Guðl. Guðmundsson, Guðm. Björnsson, Hannes Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Jóhannes Ólafsson, Jón Jónsson, Jón Magússon, Lárus H. Bjarnason, Magnús Kristjánsson, Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson Eyf., Tr. Gunnarsson, Þórh. Bjarnarson.

Móti henni greiddu þessir 8 atkvæði:

Björn Kristjánsson, Einar Þórðarson, Magnús Andrésson, Ólafur Briem, Ólafur Ólafsson, Ólafur Thorlacius, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson Skgf.

Ráðherrann greiddi ekki atkvæði.

Eins og margsinnis hefir verið gerð grein fyrir, fer því fjarri, að þau atriði, sem skýrskotað er til í dagskránni fullnægi nokkurum Íslendingi, sem ant

er um réttindi ættjarðar sinnar. Ekkert það hefir komið fyrir, og ekkert það getur komið fyrir, sem eigi að sætta oss við það, að danskir valdhafar brjóti stjórnarskrá vora. Og það er brot gegn henni, að danskur ráðherra fái við sérmál vor. Með síðustu ráðaneyttisbreytingu í Danmörku hefir alls engin viðurkenning fengist fyrir þingræði voru, né heldur telst sú viðurkenning í kveðju konungs til alþingis. Í hvorugu er tölgin nokkur bending um það, hvernig fara muni, er Íslendingum verður hugleikið að fá fyrir ráðherra mann, sem forsætisráðherra Dana vill ekki fá í þá stöðu. Og þó að því sé haldið á lofti, að ráðherrann beri stjórnarskipulega ábyrgð á skipun sinni — sem stjórnarmenn nefna »útnefningu«, til þess að tala heldur á þjagadri dönsku en á íslenzku — þá liggur það hverju barni í augum uppi, hver hégómi það er í því sambandi, sem hér er um að tefla. Hver íslenzkur ráðherra á svo sem að bera ábyrgð á því, að danskur ráðherra neitar að skipa þann mann Íslandsráðherra, sem Íslendingar æskja eftir?

»Skýrskotun« stjórnarmanna er ekkert annað en blekking og tál. Þeir hafa svikið þau landsréttindi vor í hendur dönskum valdhöfum, sem þeir áttu kost á að svíkja í þetta sinn, og fyllt með því mæli synda sinna. Ábyrgðarhlutinn er því þyngri, srm þjóðin hafði krafist þess ótvíræðlega á undan þingi og um þingtmann, að réttinda hennar væri gætt. Fjallk.

## Upplestur og söngur.

Frk. Elín Matthíasdóttir, sem dvalið hefir allengi í Kaupmannahöfn, hefir í sumar dvalið hér hjá foreldrum sínum, en fer nú til Reykjavíkur með Skálholti.

Áður en hún fór héðan bauð hún bæjarbúum tvívegis að hlusta á söng og upplestur. Fyrri kvöldið las hún upp söguna »Ljóti andarunginn« eftir H. C. Andersen og gerði það með mikilli smekkvísi, en síra Matthías sagði kafla úr æfissögu skáldsins og ýmsar skýrtlur um hann. Auk þess söng fróken Elín ýms lög og mun það vera í fyrsta skilti að hún hefir sungið opinberlega hér í bæ. Söng hennar var tekið með dynjandi lófa-klappi, bæði kveldin og þó einkum hið síðara.

Síðara kveldið las hún enn upp sögur eftir H. C. Andersen og enn fremur kvæði eftir Pál Jónsson.

Skemtunin þótti öllum hin bezta.

## Kennaraskólinn.

EKKI er hægt að bregða þingmönnum vorum um mikið bráðlæti í því að koma alþýðmentuninni í þolanlegt lag. — Frumvarpið um kennaraskólann var loksins felt á þinginu og er því við barið, að þingmenn hafi ekki getað komið sér saman um, hvort hann ætti að vera í Hafnarfirði eða Reykjavík. Hætt er við að mörgum þyki sú ástæðan fremur veigalítil og haldi að hitt hafi fremur undir buið, að féð hafi verið lítið fyrir, eftir allar aðrar ráðstafanir þingsins og ef til vill hefir þingmönnum ekki þótt vanþörf á að hafa til nokkurar krónur, ef rit-símaáætlunin reynist ekki sem allra áreiðanlegust.

## Sjúkraskýlið á Brekku

er nú að komast undir þak. Eins og kunnugt er er það gert að fyrirsögn Jón Þorlákssonar verkfræðings og er búist við að það verði fullgert á komandi vetri. Héraðsbúar skutu saman til þess um 2000 kr., landsjóður veitti 800, amtsráð Austuramtsins 500 kr., sýslusjóðir N.-& Suður-múlasýslu 350 kr., þöntunarfélag Fljótsdals-héraðs 300 kr., Gránufélagið 200 kr., Fljótsdalshreppur (tombólusjóður hreppsins) 800 kr., Jökuldalshreppur 100 kr.

Ennfremur hafa þessir útlendir auðmenn gefið til sjúkraskýlisins L. Zöllner 250 kr. og V. Tostrup fyrv. kaupm. á Seyðisfirði 500 kr.

Þá hefir stórkaupmaður Sigurður Jóhannesson í Khöfn lofað að gefa alt að 2400 kr. til sjúkrabúbyggingarinnar og auk þess hafa þau hjón heitið að gefa sjúkrabúsinu 300 kr. árlega í 5 ár til reksturskostnaðar sjúkraskýlisins.

Óneitanlega hefir lofsverður dugnaður verið sýndur við að koma upp sjúkrabúsinu, þrátt fyrir það að landsjóður styrkti mjög lítið til þess. Því meiri verður sámd þeirra héraðsbúanna, er lagt hafa á sig svo mikil gjöld til þess.

Eftirtektavert og lofsvert er það líka hve mikill höfðingskapur hefir verið sýndur þessu fyrirtæki af útlendum mönnum og þá ekki sízt af Sigurði Jóhannessyni stórkaupmanni

## Slysfarir.

2 drengir í Blönduhlíð í Skagafirði frá Úlfstöðum og Uppsölum, annar fermdur, hinn ófermdur, drukkuðu nýlega í síki úr Héraðsvötnunum. Pillarnir höfðu ætlað til berja í svonefndum »Steinsstaðahólma« og fóru ríðandi yfir síkið. Ófrétt er enn hvernig slysið að öðru leyti hafi viljað til. Bæði líkin fundust.

Á Sigmundarstaðakoti í Fljótum vildi það slystíli nýlega að 8-9 ára gamalt barn kveykta í fótum sínum. Hafði barnið verið eitt heima með öðru barni yngra og er ekki fullljóst hvernig kviknaði í fótum þess. Kunnugt er að barnið hafði hlaupið út og eitthvað lítið vætt sig í læk, en haldið strax til foreldra sinna, er voru á engi skamt frá og sázt frá næsta bæ eins og gufumökkuur liði áfram. Þegar það náði til foreldra-anna var það mállaust og með óráði. Barnið var mjög brent og dó á sama sólarhring.

## Mannalát.

Andrés Gunnarsson hreppsnefndarmaður í Glæsibæjarhreppi andaðist úr lungnabólgu aðfaranóttina 3. þ. m. Hann varð aðeins 37 ára gamall.

Hildur Snorradóttir yfirsetukona í Brautarholti andaðist 29. f. m. Komin yfir sjötugt. Hafði verið yfirsetukona yfir 40 ár.

»Hildur sál. var tæpmikil og greind kona, en bjó alla ævi við fátækt og ýmsa aðra er-viðleika. Hún var afbragðs yfirsetukona og mun hafa tekið á móti hátt á annað þúsund börnum. Hefir hún efallast verið ein af þeim fáu yfirsetukönnum þessa lands, sem læknar hafa trúað fyrir að brúka verkfæri við barnafæðingar, í forföllum sínum, enda var sameinað hjá henni: kráftar, stilling, kjarkur og nákvæmni.«

## Skipströnd.

Frétt er komin um það af Siglufirði að í garði þeim sem verið hefir hér úti fyrir landi þessa viku hafi 7 skip rekið á land á Siglufirði, en eitthvað af þeim hafði náðst fljótleiga út aftur. Þrjú af skipunum eru sögd mikið skemd, verða ef til vill að strandi. Eitt af þessum skemdu skipum er »Helena« hér af Eyjafirði.

## Rífsímasamningurinn.

Í efri deild var hann samþykktur með atkvæðum allra hinna konungkjörnu og auk þess Guðjóns, Guttorms og Jóns Jakobssonar. Allir aðrir þjóðkjörnir þingmenn deildarinnar greiddu atkvæði móti honum. — Bætt var þar við álmu til Ísafjarðar, sem sjálfsagt hefir verið samþykkt í neðri deild.

## „Fjallkonan“

á að stækka mjög mikið við byrjun næsta árgangs. Áður voru blöðin 52 en eiga nú að verða 70 um árið. Verð blaðsins verður þó hið sama og áður.

## Stefán Stefánsson

alþingismaður í Fagraskógi er komin heim fyrir nokkurum dögum.

## Skifting embættis.

Frumvarpið um skiftingu á Bæjarfógetaembættinu í Reykjavík var felt á þinginu. Reykvikingar mega því bíða eftir Lárus 2 árin enn.

## Jónas Kristjánsson

héraðslæknir á Brekku var hér á ferð fyrir nokkurum dögum. Með honum var Stefán Kristjánsson, skóggæzlu- maður á Hallormsstað.

## Skipkomur.

»Skálholt« kom 4. þ. m. Með skipinu komu frá Sæmundsen frá Blönduós, Gróa Ólafsdóttir frá Viðidalstungu, frá Kristín Guðmundsson frá Siglufirði, síra Bjarni Þorsteinsson frá Siglufirði, Páll Bergsson, kaupm. í Ólafsfirði og frá hans, síra Kristján E. Þórarinnsson frá Tjörn o. m. fl.

Með skipinu fara héðan frk. Sigríður Helgason og frk. Guðrún Aðalsteinsdóttir, sem dvalið hafa hér nokkurn tíma.

»Modesta« kom 5. þ. m.

»Kong Inge« kom aðfaranóttina 6. þ. m. Meðal farþega voru frk. Guðlaug Guðlaugsdóttir, frk. Valgerður Vigfúsdóttir, Halldór Vilhjálmsson, ráðanatur, á leið austur að Eiðum, Guðmundur Vigfússon, skósmiður, Kristján Blöndal verzlunarstjóri, Kristján Sigfússon skólastjóri.

»Laura« kom í morgun. Með skipinu voru alþingismennirnir Guðl. Guðmundsson og Pétur Jónsson, ennfremur Cand. Jón Stefánsson frá Sauðárkrók o. fl.

## Saumastofa.

Frá 25. okt. hafa undirritaðar áformað að opna

»Saumastofu« fyrir

kápusaum,

kjólasmum og línsaum

í hinu nýja húsi kaupmannanna Kolbeins og Ásgeirs á Oddeyri.

Stúlkur, sem kynnu að óska eftir tilsögn í ofangreindu, geta fengið hana með mjög góðum kjörum.

Akureyri 8. septbr. 1905.

Snjólaug Sigurðardóttir.

Kristín Hafliðadóttir.